Grunnmynd 1.h.
Mkv. 1:50




## Neysluvatnslagnir

Mál og málsetningar

Stærðir lagna á teikningum eru uppgefin sem DN mál og eru lágmarks innanmál í millimetrum.

Efni

Kaldavatnsheimæð skal vera úr PE plastefni, lögð í ídráttarröri frá götu og inn í tengiklefa, að lágmarki á frostfríu dýpi (~1,1m).

Stofnlagnir neysluvatns geta verið úr Plast-Ál-Plast-efni eða ryðfríum stállögnum, svo fremi að efnið sé vottað efni, ætlað til nota í neysluvatnskerfi. Dreifilagnir geta verið úr sömu efnum og stofnlagnir eða úr PEX plastefni í PE ídráttarbörkum (R-í-R). Tengistykki skulu vera úr sömu vörulínu og lagnaefnið.

Stærð dreifilagna er almennt DN12 og stærra.

Lagnir á hitaveituhlið varmaskipta/blöndunarloka skulu lúta sömu kröfum og hitalagnir sem flytja fullheitt hitaveituvatn.

Allt lagnaefni í neysluvatnskerfum skal vera vottað efni til nota í neysluvatnskerfum (vottað af RB/NMÍ eða öðrum vottunaraðila sem samþykktur er af MVS).

Frágangur lagna

Frágangur lagna skal vera í samræmi við ÍST 67 og DS439.

Stofnar neysluvatns skal einangra með a.m.k. 20 mm einangrunarhólkum og vafðar með plastdúk eða álfilmu. Ganga skal frá einangrun, þannig að hún sé samfelld yfir tengistykki og upphengi sem og skal rakavörn loka samfellt yfir tengistykki og upphengi. Aðrar dreifilagnir skulu ver með ádragi.

Neysluvatnslagnir á veggjum og í loftum skal hengja upp samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Festa skal lagnir með gúmmífóðruðum klemmum nema þar sem gert er ráð fyrir þensluhreyfingu lagnar, þar skulu festingar bara halda undir lögn. Almenn skal fjarlægð milli festinga vera 80x þvermál lagnar, þó ekki meir en 2,0m. Þar sem auðvelt er að grípa í sýnilegar lagnir skulu lengdir milli upphengja mest 25x þvermál lagnar. Lóðréttar pípur skal festa í vegg og sem og pípur nálægt töppunarstöðum.

Neysluvatnslagnir að notkunarstöðum sem liggja í steypu (R-í-R) skal leggja með mjúkum beygjum. Festa skal ídráttarrörin við stál í plötu eða niður í einangrun í botnplötu. Endar lagna skulu standa minnst 1 meter uppúr plötu, þó 1,8 meter við sturtur. Loka skal lagnaendum strax við niðurlögn og merkja enda hverju hann tengist.

Við hvert tæki skal setja tengikrana og einstreymisloka við þvottavélar.

Lagnir skal leggja með halla þar sem því verður við komið svo tæma megi lögnina.

Allar lagnir er fara um brunaskil, skal gengið þannig frá að slíkt uppfylli reglugerðir um brunamál. Slík tilvik og staðsetningar eru ekki tilgreind sérstaklega á teikningum.

Merkja skal stofnlagnir í samræmi vð ráðleggingar á Rb blaði 53.003.

Prófanir

Ef notaðar eru stállagnir skal þrýstiprófa þær með 12 bar þrýstingi í 24 klst.

Fyrir plastlagnir skal nota þrepaprófun skv. leiðbeiningum framleiðanda. Dæmi um slíkt er hér til hliðar. Æskilegur upphafsþrýstingur við slíkt próf er 10 bar.

Skrá skal niður allar upplýsingar og niðurstöður þrýstiprófana og stillinga á eyðublöð og afhenda verkkaupa þau eigi síðar en við verklok.

Taka skal út lagnavinnu af og í samræmi við reglur viðkomandi embættis byggingarfulltrúa.

Hiti heita neysluvatns

Heitt neysluvatn sem dreift er um mannvirki með nýjum lögnum er með lækkuðum hita, eigi hærri en 60°C. Gert með uppblöndun á heitu og köldu vatni með hitaháðum stjórnloka.

| | | | |
|---|---|---|---|
| N-K | Kalt neysluvatn | BLT | Blönduartæki |
| N-H | Heitt neysluvatn | BSL | Brunaslanga |
| TM | Tengimöguleiki | HL | Handlaug |
| ÁV | Lögn á vegg | SV | Stálvaskur |
| UL | Lögn undir lofti | UÞV | Uppþvottavél |

*Almennar skýringar.*
*Rúmmynd, sjá teikn. 304*
*DN mál er lágmarks innanmál lagna.*

*Táknskýringar*
*Neysluvatn, Kalt*
*Neysluvatn, Heitt*

Kvarði 1:50

| Útg. | Breytingar | Hönnuður | Dags |
|---|---|---|---|
| A | Reyndarteikning | SHG | 17.09.2015 |

*Verkteikning*

*Bæjarhraun 10, bakhús, Hafnarfjörður*

Strendingur ehf.
Verkfræðiþjónusta
Fjarðargata 13-15 - 220 Hafnarfjörður
sími: 565 5640, fax: 565 5641 Strendingur@Strendingur.is

*Neysluvatnslagnir*
*Grunnmynd 1.h. og undir botnplötu.*

Hönnuður: S. Hjörtur Guðjónsson, kt.: 1101675989

Samræmingarhönnuður

Dags: 17. september 2015 — Teiknað / Hannað af: SHG/SHG

Mælikvarði: 1:50 — Númer teikningar: 303 — Blaðstærð: A1

V:\Bæjarhraun 10, bakhússbreyting\04-Hreinlætislagnir\Hreinlætislagnir-01.dwg

Samþykkt þann 06. okt. 2015
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Hrólfur S. Gunnlaugsson